

Föstudaginn 20. febrúar 1948.

Nr. 68/1947. **Bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Guðna Þórðarsyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní 1947 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í hér- aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir heimild sína til útsvarsálagningar á stefnda eingöngu á því, að lögheimili hans hafi verið á Akureyri árið 1944, en dvöl hans á Dagverðareyri hafi aðeins staðið í sambandi við atvinnu hans þar. Í málinu er það hins vegar komið fram, að stefndi hefur árum saman, þar á meðal allt árið 1944, verið fastráðinn starfsmaður síldarverksmiðju á Dagverðareyri og haft þar fæði og herbergi til umráða. Hefur áfrýjandi ekki sannað, að heimilt hafi verið að leggja á stefnda á Akureyri útsvar það, sem hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar fyrir

hönd bæjarsjóðs, greiði stefnda Guðna Þórðarsyni málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 21. nóv. 1946.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Akureyrar, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola Guðna Þórðarsonar, Dagverðareyri, fyrir útsvari, er lagt var á hann á Akureyri 1945 að upphæð kr. 475.20 auk dráttarvaxta. Þá krefst og gerðarbeiðandi málskostnaðar.

Gerðarþoli mótmælir því, að lögtakið nái fram að ganga, þar sem heimili hans sé á Dagverðareyri, Glæsibæjarhreppi, þar sem hann hafi allar sínar atvinnutekjur.

Að öðru leyti eru málsatvik þessi:

Gerðarþoli á húseignina Hamarsstígur 1 á Akureyri, en í húsinu eru 4 herbergi og eldhús. Kona gerðarþola hefur 2 herbergi og eldhús, en í leigu af herbergi því, er gerðarþoli leigir út, hefur hann um kr. 40.00 á mánuði. Kona gerðarþola hélt árið 1944 að mestu leyti til í Hamarsstíg 1, en heimsótti þó oft bónda sinn á Dagverðareyri.

Um gerðarþola sjálfan er þetta að segja: Hann hefur undanfarin ár haft fasta atvinnu við síldarverksmiðjuna á Dagverðareyri í Glæsibæjarhreppi, en aldrei haft atvinnu á Akureyri. Gerðarþoli hefur eitt herbergi á leigu á Dagverðareyri og matast þar í matarfélagi, er hefur ráðskonu. Gerðarþoli kom öll þessi ár, einnig árið 1944, aðeins um helgar til konu sinnar og það aðeins að vetrinum.

Tekjur gerðarþola voru árið 1944 að Dagverðareyri um kr. 23 000.00 og útsvar greiddi hann 1945 í Glæsibæjarhreppi um kr. 1600.00. Húsmuni á gerðarþoli bæði á Hamarsstíg 1 og á Dagverðareyri.

Gerðarbeiðandi hefur máli sínu til stuðnings lagt fram í réttinum manntal í Akureyrarkaupstað í október 1944, en gerðarþoli heldur fram, að skýrsla þessi sé þannig til komin — á henni stendur bæði gerðarþoli og kona hans — að maður sá, er tók manntalið, hafi sagt honum, að úr því að hann væri staddur á Hamarsstíg 1, bæri honum að standa á manntalsskýrslu bæjarins. Í athugasemd á skýrslunni er þess getið, að lögheimili gerðarþola sé á Dagverðareyri.

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt framanskráðu megi líta svo á, að gerðarþoli eigi í raun og veru tvö heimili, og ber þá samkvæmt lögum um útsvör nr. 106/1936 8. gr. d. að fella hann af útsvarsskrá á öðrum þeim stað, er útsvar var lagt á hann 1945,

og þar eð hann nú hafði allar sínar tekjur árið 1944, um kr. 23 000.00, á Dagverðareyri, þykir rétt að fella hann af útsvarskrá Akureyrarbæjar, og fer því hin umbeðna lögtaksgerð ekki fram.

Eftir þessum úrslitum ber að sýkna gerðarþola fyrir málskostnaðarkröfum gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 18. þ. m.

Þvi úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram. Gerðarþoli Guðni Þórðarson á að vera sýkn fyrir málskostnaðarkröfum gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Akureyrar.

Mánudaginn 23. febrúar 1948.

Nr. 101/1947. Austurstræti 3 h/f (Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn

Ólafíu Torfason (Hrl. Sigurður Ólason).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. september 1947, gerir þær dómkröfur, að úrskurður fégetaréttarins verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fégetann að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Hvorki undantekningarákvæði 1. gr. laga nr. 39/1943 né önnur ákvæði í lögum veita hlutafélögum rétt til að segja leigutaka upp íbúð í húsi hlutafélagsins til afnota handa einstökum hluthafa í félaginu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Austurstræti 3 h/f greiði stefnda Ólafíu